

Afmælissöngur DKG

Delta Kappa Gamma á Íslandi 50 ára 2025

Allt gerðist árið sjötíu og fimm
að Alfa setti á kvennafund.
Þær drifu í að stofna deild
og til varð Delta Kappa Gamma stund.

Félag kvenna í fræðslustörfum
það fæddist þetta ár.
Að auka þroska og efla tengsl
á Íslandi nú eru fimmtíu klár.

Stöndum saman, stöndum saman.
Höfum gaman, höfum gaman.
Stöndum saman, höfum gaman.
Stöndum saman.

Við stundum kennslu, styrkjum okkur
og styðjum konur í starfi og leik.
Viska og velferð er ætíð nokkur.
Verum saman, stöndum keik.

Markmið okkar að mennta og fræða,
munum auka við okkar fag.
Fimmtíu árin við fengum græða,
fögnum með því að syngja lag.

Stöndum saman, stöndum saman.
Höfum gaman, höfum gaman.
Stöndum saman, höfum gaman.
Stöndum saman.

Lag: Jónína Erna Arnardóttir
Ljóð: Theodóra Þorsteinsdóttir